

Skýrsla formanns á aðalfundi, 28. apríl, 2025

[English version below]

Velkomin á aðalfund Klifurfélags Vestfjarða.

Vil benda á að þessi skýrsla ásamt ársreikningi og lögum félagsins, má finna á vefnum okkar undir slóðinni <https://klifra.is/adalfundur/>. Þar er einnig að finna upplýsingar frá síðasta aðalfundi. Þessi síða verður svo uppfærð árlega, rétt fyrir aðalfund.

Í skýrslu minni á síðasta aðalfundi fjallaði ég aðeins um tilurð félagsins og en fer ekki nánar út í hana núna.

Vil þó rétt minna á tilgang félagsins en hann er útlistaður í lögum félagsins (<https://klifra.is/log-klifurfelags-vestfjarda/>). Þar segir meðal annars: "Félagið er áhugamannafélag og er tilgangur þess að iðka klifuríþróttir, stuðla að framgangi klifuríþróttar á Vestfjörðum og auka áhuga fólks á hvers kyns klettaklifri og grjótglímu. Einnig að vekja athygli á Vestfjörðum sem álitlegu svæði til að stunda klifuríþróttir.

Félagið hyggst ná tilgangi sínum með námskeiðahaldi, keppnum og annars konar kynningarstarfsemi, auk þess sem félagið hyggst stuðla að því að félagsmönnum standi til boða fullnægjandi æfingaaðstaða, innanhúss sem utan."

Félagið er starfrækt af sjálfboðaliðum, áhugafólki um klifur. Það stólar því á styrki. Ýmsir hafa séð kostina við þessa starfsemi og látið fé af hendi rakna en Borea Adventures er klárlega okkar aðalbakhjarl, ásamt Ísafjarðarbæ sem veitti félaginu uppbyggingarstyrk á síðasta ári. Nýjasti styrkurinn var að detta í hús, en það voru 100.000 krónur frá Orkubúi Vestfjarða. Þökkum því kærlega fyrir. Talandi um styrki þá hefur félaginu þrisvar verið synjað um styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða sem er að mínu mati með öllu óskiljanlegt. Nú síðast sóttum við ekki um enda líklega fullreynt. Auk þess sem umsókn í sjóðinn er eitthvað sem tekur mikinn tíma og fyrirhöfn að útbúa. En við höfum byggt upp félagið og aðstöðuna án aðkomu sjóðsins, sem maður hélt að væri einmitt til að styðja við starfsemi sem er samfélagslega og lýðheilsulega jákvæð. Sem betur fer sér Orkubúið, auk fjölda annarra fyrirtækja og einstaklinga, okkar starfsemi í réttu ljósi og hefur styrkt okkur myndarlega. Takk kærlega.

Við höfum hingað til ekki verið að rukka inn félagsgjöld en ætlum að breyta því. Fljótlega munum við senda út upplýsingar þar sem þetta er kynnt betur og svo í framhaldinu verða sendir út greiðsluseðlar. En árgjaldið mun til að byrja með vera 5000 krónur eins og samþykkt var af félagsfólks á síðasta aðalfundi. Gjöf en ekki gjald viljum við meina en fyrir það fær félagsfólk að klifra í inniklifuraðstöðunni án þess að greiða sérstaklega fyrir það, og fær svo aðgang að spjallhópi félagsfólks þar sem við tilkynnum aukaopnanir og fleira. Auk þess munu ýmis fríðindi fylgja félagsaðild.

Áður en ég fer í það helsta sem hefur verið í gangi á liðnu starfsári þá er hér smá tölfræði:

Skráðir félagar eru núna 59 talsins. Iðkendur sem ekki eru félagar (börn) voru 66. Þau tóku þátt í sumarnámskeiði og/eða klifurtímum á haustönn 2024. Samtals iðkendur voru því 125 talsins. 10 barnaafmæli voru haldin á starfsárinu en þau eru mikilvæg fjáröflun fyrir félagið.

En hvað var um að vera í grófum dráttum:

Maí:

Fengum heimsókn frá Starfsendurhæfi Vestfjarða.

12 ára börn úr Grunnskólanum á Ísafirði komu til að klifra í þremur hópum.

Börn úr Grunnskólanum á Flateyri komu einnig til að prófa klifrið.

Keyptum tvær grjótglímudýnur til að hafa undir Moon-veggnum. Fengum mikinn afslátt frá GG-Sport svo önnur þeirra var í raun hreinn styrkur frá þeim.

Eitt afmæli var haldið í maí.

Júní:

18.-21. júní héldum við sumarnámskeið fyrir börn í samstarfi við Ísafjarðarbæ.

Steggjarar komu í heimsókn og fengu að klifra. Steggurinn fékk auðvitað að púla mest. Það koma reglulega inn óskir um ýmsa viðburði fyrir sérhópa. Við rukkun hóflega fyrir og þetta er fínasta fjáröflun. Gleðilegt að fólk sjái tækifæri í því að nýta aðstöðuna og klifrið á þennan hátt.

Eitt afmæli var haldið í Júní.

Júlí og ágúst:

Opnir tímar í klifuraðstöðunni fóru í frí yfir þrjá sumarmánuðina enda flestir í burtu sem sjá um opnanirnar.

September:

Hópur starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða komu til að klifra, það var hluti af skemmtidagskrá sem þeir voru með í gangi.

Frá september til maí var í gangi klifurkúrs fyrir 10-13 ára börn úr Grunnskólanum á Ísafirði. Björgunarsveitin á Bíldudal sem setti upp klifurvegg í íþróttahúsinu þar, bað okkur um smá kennslu og leiðbeiningar í leiðauppsetningu. Úr varð að ég skrapp til þeirra í lok september og hélt klifurkynningu eftir að hafa bætt við leiðum og akkerum í vegginn. Vel heppnað og vel mætt.

Við fengum fullt af notuðum klifurskóm frá Klifurhúsinu í Reykjavík. Nú er svo komið að við erum með töluverðan fjölda af klifurskóm sem fólk getur notað þegar það kemur að klifra. Ekki allir í toppstandi en vel nýtilegir til að byrja í sportinu. Takk fyrir okkur.

Á haustmisseri voru í gangi klifurtímar fyrir börn í 3. og 4. bekk, fjórum sinnum í viku í samstarfi við íþróttaskólann.

Eitt afmæli var haldið í september.

Október:

Fyrirlestur haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði um mismunandi gerðir klifurs ásamt myndasýningu. Hópurinn endaði svo á að klifra í klifuraðstöðunni.

Í lok mánaðarins var skipt um allar leiðir í klifuraðstöðunni.

Tvö afmæli voru haldin í október.

Nóvember:

Tvö afmæli voru haldin í nóvember.

Desember:

Eitt afmæli var haldið í desember.

Janúar 25:

Rólegt, engir viðburðir en virkni í inniklifrinu eins og venjulega.

Febrúar:

Í febrúar sá Brendan Kirby um klifursmiðju þar sem hann kynnti klifur fyrir þátttakendum og fyrir ýmsu því tengdu (sjá frétt: <https://klifra.is/klifurnamskeid-og-keppni/>). Í framhaldinu var svo haldið klifurmót, fyrsta mótið sem félagið hefur haldið (sjá frétt: <https://klifra.is/vel-heppnad-klifurmot-a-lidinni-helgi-successful-climbing-comp-last-weekend/>). Af því tilefni voru allar leiðir teknar niður og Brendan setti upp fjölda nýrra leiða. Þetta þótti takast vel til og voru allir ánægðir. Vinningar komu frá hinum og þessum fyrirtækjum og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Keyptum sjúkrapoka og plástraskammtara til að hafa í klifursalnum (er við dyrnar þegar gengið er inn í klifursalinn).

Eitt afmæli var haldið í febrúar.

Mars:

Við fengum heimsókn frá menntaskólanum á Ísafirði sem voru með sína árlegu Gróskudaga.

Eitt afmæli var haldið í mars. Frekari upplýsingar um krakkaafmælin hér: <https://klifra.is/forsida/inniklifur/>

Apríl:

Við náðum að hafa opið allan þennan mánuð þrátt fyrir páska, Fossavatnsgöngu og skíðaviku.

Almennt eru opnu klifurtímarnir vel sóttir. Við sjáum klárlega aukningu í fjölda þeirra sem hafa áhuga á klifri og stunda það reglulega. Svo það má segja að nú þegar hafi stóru markmiði með stofnun Klifurfélags Vestfjarða verið náð.

Í síðustu ársskýrslu talaði ég um tvö ný útiklifursvæði á Vestfjörðum, eitt í Valþjófsdal, annað við Ögurnes. Vil benda á að í rétt óútkomnu ársriti Íslenska Alpaklúbbsins (Ísalp), mun birtast grein sem ég skrifaði um Valþjófsdal og er þar að finna leiðarvísi. Stefni á að birta greinina á vefsíðunni okkar (klifra.is). Vil einnig benda á aðra grein sem ég skrifaði í ársrit Ísalp í fyrra, en sú var um klifursvæðið í Sauratindum ofan við Súðavík. Ég mun svo skrifa um Ögurnes í ársriti næsta árs.

Brendan Kirby er að vinna í leiðarvísi um grjótglímusvæði nálægt Ísafirði. Töluvert hefur verið glímt við grjót hér á svæðinu, en ekkert skráð af neinu viti. Nú er tími til kominn. En hann Brendan er einnig að bæta við gríðarlegum fjölda leiða enda mjög virkur klifrari. Hlökkum til að sjá leiðarvísinn þegar hann lítur dagsins ljós. Til að draga aðeins út kala mínum til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða þá skal ég minnst á að Brendan fékk styrk úr sjóðnum fyrir þessu leiðarvísaverkefni sínu, sem er frábært.

Held og vona að ég sé búinn að nefna það helsta sem var á döfinni hjá félaginu á þessu starfsári sem er að lokum komið (tímabilið milli aðalfunda). Vil þakka Eddu Maríu Hagalín og Hjördísi Björnsdóttur sem eru með mér í aðalstjórn fyrir vel unnin störf sem og lykilhópnum eins og ég kalla hann. Í þeim hópi eru þeir sem hafa, auk stjórnarfólks, lykilaðgang að inniklifuraðstöðunni og skipta á milli sín að sjá um opnu klifurtímana, leiðbeina afmælishópum og sinna ýmsum störfum fyrir félagið. Þetta eru Alberto Roldán, Brendan Kirby, Ívar Tumi, Justas Šuscickis, Łukasz Mężyk, Orla Mallon, og Vaidas

Valentukevicius.

Pakka einnig Rúnari Óla fyrir að skoða ársreikninginn og skátafélaginu Einherjar/Valkyrjan fyrir að leyfa okkur að vera með klifuraðstöðuna hér í gamla skátaheimilinu.

Takk fyrir mig og sjáumst klifrandi.

Björgvin Hilmarsson

Club's chairman report

Welcome to the annual meeting of the Westfjords Climbing Club.

I would like to point out that this report, along with the annual account and the club laws , can be found on our website at <https://klifra.is/adalfundur/>. Information from the last annual meeting can also be found there. This page will then be updated annually, just before the annual meeting.

In my report at the last annual meeting, I discussed the origin of the club so I won't go into that now.

Still, I would like to remind us all of the purpose of the club, which is outlined in the club's laws (<https://klifra.is/log-klifurfelags-vestfjarda/>). There it states, among other things:

“The club is an amateur club and its purpose is to practice climbing sports, promote the progress of climbing sports in the Westfjords and increase people's interest in all kinds of rock climbing and bouldering. Also to draw attention to the Westfjords as a good area for practicing climbing sports.

The association intends to achieve its purpose by holding seminars, competitions and other types of promotional activities, in addition to which the association intends to provide members with adequate training facilities, both indoors and outdoors.“

The club is run by volunteers, people who are passionate about climbing. It therefore relies on grants. Many have seen the benefits of this activity and have donated money, but Borea Adventures is clearly our main sponsor, along with Ísafjarðarbær, which provided the club with a development grant last year. The most recent grant has just arrived, but it was 100,000 krónur from Orkubú Vestfjarða. Thank you very much for that. Speaking of grants, the club has three times been denied a grant from the Westfjords Development Fund, which in my opinion is completely incomprehensible. This last time we did not apply because it's probably no use after three no's. In addition, an application to the fund is something that takes a lot of time and effort to prepare. But we have built up the club and the facilities without the involvement of the fund, a fund that you would think would be precisely to support activities that are socially and publicly positive. Fortunately, Orkubú Vestfjarða, as well as a number of other companies and individuals, see our activities in the right light and have supported us handsomely. Thank you very much.

We have not been charging membership fees so far, but we plan to change that. We will soon send out information where this is better presented and then payment slips will be sent out. But the annual fee will initially be 5000 krónur as agreed by the club's members at the last annual meeting. For that modest fee, members can climb in the climbing facility without paying specially for it, and then get access to the members' chat group where we announce additional openings and more. In addition, various benefits will come with membership.

Before I get to the main things that have been going on in the past operational period, here are some statistics:

Registered members are now 59. Climbing non-members (children) were 66. They participated in a summer course and/or climbing classes in the fall semester of 2024. The total number of practitioners was therefore 125. 10 children's birthday parties were held during the period, which are important fundraisers for the club.

But what was going on roughly:

May:

We received a visit from the Westfjords Vocational Rehabilitation (Starfsendurhæfingar Vestfjarða).

12-year-old children from the Ísafjörður Primary School came to climb in three groups.

Children from the Flateyri Primary School also came to try out the climbing.

We bought two bouldering crash-pads to have under the Moonboard. We got a big discount from GG-Sport so one of them was actually pure grant from them.

One birthday party was held in May.

June:

June 18th to 21st, we held a summer course for children in collaboration with the town of Ísafjörður.

Group of guys and a bachelor soon getting married came to visit and got to climb. We regularly receive requests for various events for special groups. We charge a modest fee and this is one way to raise money. It's great that people see an opportunity in using the facilities and the climbing in this way.

One birthday party was held in June.

July and August:

Open hours at the climbing facility were suspended over the three summer months as most of the people who manage the openings were away.

September:

A group of employees from the Westfjords Health Institute came to climb, it was part of a staff program they were running.

From September to May, a climbing course was running for 10 to 13 year old children from the Ísafjörður Primary School.

The rescue team at Bíldudalur, who installed a climbing wall in the sports hall there, asked us for some instruction and guidance in route setting. It turned out that I visited them at the end of September and gave a climbing presentation after adding routes and anchors to the wall. It was a great success and well attended.

We got a lot of used climbing shoes from Klifurhúsið in Reykjavík. Now we have a

considerable amount of climbing shoes that people can use when they come to climb. Not all of them are in top condition but very useful to start in the sport. Thank you to Klifurhúsið. During the fall semester, climbing classes were held for children of 3rd and 4th grade, four times a week in collaboration with the sports school.

One birthday party was held in September.

October:

A lecture was held at the Ísafjörður Elementary School on different types of climbing, along with a slide show. The group then ended up climbing in the climbing facility.

At the end of the month, all routes in the climbing facility were re-set.

Two birthday parties were held in October.

November:

Two birthday parties were held in November.

December:

One birthday party was held in December.

January 25:

Quiet, no events but activity in the climbing gym was good as usual.

February:

In February, Brendan Kirby ran a climbing workshop where he introduced participants to climbing and various related topics (see: <https://klifra.is/klifurnamskeid-og-keppni/>). A climbing comp was then held, the first comp the club has ever held (see: <https://klifra.is/vel-heppnad-klifurmot-a-lidinni-helgi-successful-climbing-comp-last-weekend/>). For this occasion, all routes were taken down and Brendan set up a good number of new routes. All this came out great and everyone was happy. Prizes came from various companies and we thank them very much.

We bought a first aid kit and a plaster dispenser to keep in the climbing gym (located by the door when you enter the climbing hall).

One birthday party was held in February.

March:

We had a visit from the high school in Ísafjörður who had their annual Gróskudagar.

One birthday party was held in March. More information about the kids' birthdays here: <https://klifra.is/forsida/inniklifur/>

April:

We managed to stay open all this month despite Easter, the Fossavatnsganga and ski week.

In general, the open climbing sessions are well attended. We clearly see an increase in the number of people who are interested in climbing and do it on a regular basis. So it can be stated that some of the big goals of the Westfjords Climbing Club has already been achieved.

In the last annual report, I talked about two new outdoor climbing areas in the Westfjords, one in Valþjófsdalur, the other at Ögurnes. I would like to point out that in the just-unpublished annual journal of the Icelandic Alpine Club (Ísalp), an article I wrote about Valþjófsdalur will be published, and there you will find a topo (route guide). I plan to publish the article on our website (klifra.is). I would also like to point out another article I wrote in

last year's Ísalp annual journal, which was about the climbing area in Sauratindar above Súðavík. I will then write about Ögurnes in next year's annual Ísalp journal.

Brendan Kirby is working on a guide to bouldering near Ísafjörður. There has been a lot of bouldering done in this area, but nothing has been recorded by anyone really. Now is the time. But Brendan is also adding a huge number of routes, as he is a very active climber. We look forward to seeing the guide when it sees the light of day. Brendan received a grant from the Westfjords Development Fund for this guide project, which is great.

I think and hope that I have mentioned the main things that were happening by club during this period that just has come to an end (the period between annual meetings). I would like to thank Edda María Hagalín and Hjördís Björnsdóttir, who are with me on the club's board, for their work well done, as well as the key group, as I call it. This group includes those who, in addition to the board members, have key access to the climbing facility and take turns running open climbing sessions, overseeing birthday party events, and performing various duties for the club. These are Alberto Roldán, Brendan Kirby, Ívar Tumi, Justas Šuscickis, Łukasz Mężyk, Orla Mallon, and Vaidas Valentukevicius.

Thank you also to Rúnar Óli for reviewing the annual account and to the Einherjar/Valkyrjan scout club for allowing us to have the climbing facilities here in the old scout home.

Thank you and see you all climbing.

Björgvin Hilmarsson